

Vesturbyggð
Óskar Örn Gunnarsson, skipulagsfulltrúi
Aðalstræti 63
450 Patreksfjörður

Reykjavík, 23.okt. 2019
Tilvísun: 201702060 / 3.4

Efni: Deiliskipulag ofanflóðagarða ofan Urða, Mýra og Aðalstrætis, og byggðar neðan þeirra á Patreksfirði, Vesturbyggð

Vesturbyggð hefur, með erindi dags. 17. okt. 2019, sent Skipulagsstofnun deiliskipulag byggðar og ofanflóðagarða ofan Urða, Mýra og Aðalstrætis á Patreksfirði til yfirferðar að nýju samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 41. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 19. nóvember 2018.

Deiliskipulagið nær til 30 ha svæðis, hluta af núverandi byggð og ofan Mýra og Mýra er gert ráð fyrir varnargörðum, þvergarði og leiðigarði og aur- og grjótvörn ofan Aðalstrætis. Þá er gert ráð fyrir opnum svæðum, stígum og útsýnis- og áningastöðum. Settir seru skilmálar fyrir núverandi byggð þ.m.t. hverfisverndarákvæði fyrir 41 byggingu.

Deiliskipulagið er sett fram í greinargerð dags. 3. okt. 2019 og á uppdrætti í mkv. 1:1500 dags. 3. okt. 2019. Framkvæmdir við varnarmannvirkin falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og fyrir liggur álit Skipulagsstofnunar dags. 29. okt. 2019. Þá liggur fyrir ný umsögn Minjastofnunar dags. 2. okt. 2019.

Skipulagsstofnun yfirfór deiliskipulagið í janúar 2019, greinargerð og uppdrátt dags. 17. ágúst 2018 og gerði athugasemd við gildistöku þess vegna nokkurra atriða sbr. bréf stofnunarinnar dags. 25. janúar 2019. Brugðist hefur verið við athugasemdum Skipulagsstofnunar og Minjastofnunar.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda þegar sveitarstjórn hefur samþykkt lagfæringar á köflum 2.4 og 3.4 um byggingarreiti, viðbyggingar og breytingar á húsum sbr. tölvupóstsamskipti við skipulagsfulltrúa þar um frá 18., 20. og 21. okt. sl. Senda þarf Skipulagsstofnun lagfærða greinargerð til vörslu og upplýsingar um samþykkt sveitarstjórnar.

Stofnunin minnir á að samhliða þarf að auglýsa í Stjórnartíðindum breytingar á mörkum aðliggjandi deiliskipulagsáætlana, hafi það ekki þegar verið gert.


Málfríður K Kristiansen